

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 10. febrúar 1981

um breytingu á tilskipun 80/755/EBE um að heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á sáðkornsumbúðum

(81/109/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/692/EBE <sup>(2)</sup>, einkum síðasta málslíði a-liðar 1. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Yfirleitt er ekki heimilt að setja sáðkorn á markaðinn nema umbúðirnar utan um það séu merktar með opinberum merkimiða í samræmi við ákvæði tilskipunar 66/402/EBE.

Samkvæmt þessum ákvæðum má heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á umbúðunum í samræmi við fyrirmyndina að merkimiðanum.

Þessa heimild skal veita að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem tryggja að ábyrgðin hvíli á vottunaryfirvaldinu.

Framkvæmdastjórnin hefur þegar veitt slíka heimild með ákvörðun 80/755/EBE <sup>(3)</sup>.

Við beitingu framangreindrar ákvörðunar hefur komið í ljós að rétt er að gera sömu breytingar að því er varðar tilskildu upplýsingarnar sem letra skal eða stimpla á umbúðir við sýnatöku.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á c-lið 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 80/755/EBE :

— í stað „atriði 3.3.a og 6 í a-lið A-hluta IV. viðauka“ komi „atriði 3 og 3a í a-lið A-hluta IV. viðauka“,

— í þýsku útgáfunni komi „bei“ í stað „nicht vor“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 1981.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Poul DALSGER

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 207, 9. 8. 1980, bls. 37.